

## Stjórnarfundur 18. júní 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigurbjörn Þórmundsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Framkvæmdir vegna LM2018

- a) *Blóm og skreytingar á mótssvæði* – Skipulag er í höndum Bjarna Finns og umhverfisnefndar og er góðum farvegi. Umhverfisnefndin hefur auglýst gróðursetningadag næstkomandi miðvikudag 20. júní og er vonast eftir fjölda sjálfboðaliða til að planta hinum ýmsum blómum á svæðinu. Boðið verður upp á grill og veitingar í lok dagsins.
- b) *Dómsskúrar* – Fákur mun fá nýjan dómsskúr afhentan í næstu viku frá fyrirtækinu Hafnarbakka og verður honum komið fyrir í brekkunni við Hvammsvöllinn næst reiðhöllinni. Gamli skúrin verður nýttur fyrir blaðamenn á mótinu. Að auki verður fenginn dómsskúr fyrir sýningastjóra kynbótasýninga að láni hjá Sprætti.
- c) *Hesthúseigendur* – Ýta þarf á húseigendur á svæðinu að taka til í kringum húsin sín. Skilaboð verða send í gegnum tölvupóst til eigenda og auglýsingar settar inn á Fákssíðuna og facebook-síðu Fáks.
- d) *Afhending mótssvæðis* – Fákur mun afhenda LH mótssvæðið tilbúið miðvikudaginn 27. júní nk.
- e) *Afmörkun mótssvæðis* – Grindur verða settar upp 28. eða 29. júní (fimmtudag eða föstudag) til að afmarka mótssvæðið. Auglýsa þarf eftir sjálfboðaliðum til að ganga í það verk.

### 3. Mótanefnd

Mótanefnd ætlar að hittast og fagna lokum mótahalds þennan veturinn. Stjórn samþykkir að greiða fyrir matarveitingar sem þakkir fyrir óeigingjarnt starf í vetur.

### 4. Saga Fáks, yfirlestrarnefnd

Í nefndinni verða Hrefna Karlsdóttir, Einar Hreinsson, Hjalti Jón Sveinsson, Helgi Sigurðsson (höfundur), Hjörtur Bergstað og Sigurbjörn Bárðarson.

### 5. Þáttakandalisti LM2018

Þáttakandalista Fáks fyrir LM2018 var skilað inn til LH á hádegi 17. júní sl.

### 6. Merkingar á keppnisgöllum

Stjórn samþykkir að greiða fyrir Fáks merkingar á Hummel gallana sem eru til sölu hjá æskulýðsnefndinni.

### 7. Tvöföld úrtaka

Beiðnir um að hafa landsmótsúrtökuna tvöfalda hjá Fáki hafa verið háværar í vor í kjölfar þess að hin hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu ákváðu að hafa sínar úrtökur tvöfaldar. Þar sem beiðnirnar bárust seint nú í vor ákvað mótanefnd að hafa úrtökuna einfalda í ár en vilji er að hafa hana tvöfalda eftirleiðis á landsmótsárum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.  
Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.

Hörz.  
